

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992.**

1. gr.  
3. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar falli brott.

2. gr.  
Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. mars 1994.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Sesselja Árnadóttir.*

**AUGLÝSING****um breytingu á aðalskipulagi Hvolhrepps 1990-2010.**

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Hvolhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 5. janúar 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hvolsvallar 1990 - 2010 frá 14. maí 1990 1980-2000, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölgín í því að útivistarsvæði í austasta hluta Hvolsvallar verður orlofs- og sumarbústaðasvæði.

Hreppsnefnd Hvolhrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytið, 22. mars 1994.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

**REGLUGERÐ****um gjöld fyrir hönnunarvernd o.fl.**

	1. gr.	Kr.
Fyrir umsókn um skráningu á hönnunarvernd greiðist:		
a) grunnjald, birting einnar myndar innifalin .....		7.000
b) fyrir hverja hönnun umfram eina í umsókn um samskráningu .....		3.000
c) fyrir birtingu hvernar myndar umfram eina .....		2.000

## 2. gr.

Fyrir rannsókn skv. 18. gr. laganna:

- |   |       |
|---|-------|
| a) ef krafist er rannsóknar á því hvort tiltekin hönnun sé eins eða svipuð hönnun sem skráð er hér á landi eða sótt hefur verið um skráningu á, sbr. 1. mgr. .... | 4.000 |
| b) ef krafa um rannsókn kemur fram við innlagningu umsóknar sbr. 2. mgr. ....   | 2.500 |

## 3. gr.

Gjöld fyrir endurnýjun skv. 24. gr. laganna:

- |   |        |
|---|--------|
| a) fyrsta endurnýjunartímabil .....   | 9.000  |
| b) viðbótargjald á fyrsta endurnýjunartímabili fyrir hverja hönnun umfram eina í samskráningu ..... | 3000   |
| c) síðari endurnýjunartímabil .....   | 12.000 |
| d) viðbótargjald á síðari endurnýjunartímabilum fyrir hverja hönnun í samskráningu .....            | 5.000  |

## 4. gr.

Gjald vegna kröfu um ógildingu skráningar .....

6.000

## 5. gr.

Hámarksgjald fyrir áfrýjun skv. 30. gr. laganna .....

80.000

Áfrýjunargjald greiðist iðnaðarráðuneyti við afhendingu tilkynningar um áfrýjun.

## 6. gr.

Ýmis gjöld:

- |  |       |
|--|-------|
| a) innritun í hönnunarskrá skv. 18. gr. laganna .....  | 1.500 |
| b) útskrift úr hönnunarskrá .....                      | 550   |
| c) staðfest útskrift eða myndrit úr hönnunarskrá ..... | 1.100 |

## 7. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari greiðast Einkaleyfastofunni ef ekki er annað tekið fram. Gjöld verða ekki endurgreidd þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð. Undantekning er þó varðandi gjald skv. c-lið 1. gr.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 40. gr. laga um hönnunarvernd nr. 48 21. maí 1993 og öðlast gildi hinn 21. maí 1994.

*Iðnaðarráðuneytið, 25. mars 1994.*

F. h. r.

**Porkell Helgason.**

*Ásta Valdimarsdóttir.*